

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska Kalkþörungafélagið Bíldudalur



Dags eftirlits	14.6.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Íslenska Kalkþörungafélagið	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hafnargata 4, Bíldudal	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	680601-2670	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Stig Randal	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	288910,327 584086,181

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Íslenska kalkþörungafélagið starfar samkvæmt nýju starfsleyfi frá 11. maí 2018. Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins.

Í eftirlitinu kom fram nýtt frávik vegna þess að grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað of seint. Gögnunum hefur verið skilað og verður því ekki farið í frekari eftirfylgni vegna þeirra. Úrbótaáætlun vegna tveggja eldri útistandandi frávikanna var send Umhverfisstofnun 12. mars sl. Umhverfisstofnun mun taka afstöðu til þeirrar áætlunar og þeirra upplýsinga sem fram komu í eftirlitsferðinni er varðar úrbætur vegna frávikanna í sér bréfi.

Bent var á að sækja þarf um leyfi til varps í hafið fyrir fínefni sem fyrirhugað er að varpa í sjó í haust.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Síðasta eftirlitsskýrsla og útistandandi frávik.
2. Nýtt starfsleyfi - breytingar frá fyrra starfsleyfi
3. Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi
4. Gagnaskil skv. starfsleyfi
5. Skráningar skv. starfsleyfi
6. Önnur mál

1. Í síðasta eftirliti komu fram þrjú ný frávik frá starfsleyfi. Eitt frávikanna sneri að skilum á útstreymisbókhaldi 2016 en því hefur nú verið skilað til Umhverfisstofnunar. Úrbótaáætlun vegna hinna frávikanna var send Umhverfisstofnun 12. mars sl. Rykmælingar hafa dregist en í eftirlitinu kom fram að samningaviðræður væru í gangi við enska mæliaðila um framkvæmd útblástursmælinga. Í eftirlitinu var óskað eftir staðfestingu á samningur lægi fyrir ásamt tímaáætlun hvenær búist væri við að mælingin færi fram. Búnaður til að þvo efnið fyrir vinnslu eru væntanlegar í haust en rekstraraðili telur þann búnað stuðla að minni rykmyndun við framleiðsluna.

Áætlað er að nota sjó til vætingarinnar. Í úrbótaáætluninni var fjallað um byggingu skýlis fyrir hráefnishauga áætluð verklok 2021. Umhverfisstofnun óskar eftir nákvæmari tímaáætlun varðandi þessar úrbætur. Samhliða breytingum á verksmiðjunni er ráðgert að koma fyrir betra afsogi frá vinnsluhúsi og pokasium á allan útblástur. Áætlað er að taka það í gagnið í haust. Áætlað er að setja rykstafi í hreinsivirki sem gefa vísbendingar um virkni hreinsivirkisins. Í úrbótaáætluninni er einnig fjallað um breytingar á verklagi við þrif ofl. til að lágmarka rykmyndun. Skráningar á breyttu verklagi lágu ekki fyrir í eftirlitinu og óskar stofnunin eftir staðfestingu á því.

2. Nýtt starfsleyfi var gefið út 11. maí 2018. Heimild hefur verið aukin til framleiðslu á 85.000 tonnum af kalki og kalkafurðum í leyfinu. Farið var yfir helstu breytingar og ný ákvæði í starfsleyfinu. Stig Randal er tengiliður við Umhverfisstofnun. Verktakar sjá um viðhaldi og í sumum tilvikum við lestun skipa. Áætlað er að nýta framleiðsluheimild að fullu árið 2019. Áætlað er að keyrsludagar verði sambærilegir þrátt fyrir framleiðsluaukningu. Minnt var á tilkynningar, að rekstraraðili skuli meðvitaður um efni BAT og BATC.

3. Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi.

Verksmiðjan skal hafa umhverfisstjórnunarkerfi skv. nýju starfsleyfi. Í eftirlitinu var gæðastjóri ekki viðstaddur til að svara fyrirspurnum varðandi þetta atriði en vísaði eftirlitsþegi á hann og að upplýsingar um stöðu innleiðingar yrðu sendar til Umhverfisstofnunar. Umhverfisstefna er birt í grænu bókhaldi en nákvæmari skráningar á undirmarkmiðum, ábyrgð, mælikvarða ofl. var ekki aðgengileg í eftirlitinu. Bæklingur um umhverfismarkmið var afhent eftirlitsþega í eftirlitinu.

4. Gagnaskil skv. starfsleyfi

Áætlun vegna rekstrarastöðvunar, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda og staðfesting á tryggingu vegna bráðamengunar liggja fyrir. Ársskýrsla skv. grein 4.4. er skilað í grænu bókhaldi. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað 29. maí sl.

5. Skráningar skv. starfsleyfi.

Ein kvörtun hefur borist vegna starfseminnar vegna hávaða. Hávaðinn var rekinn til bilunar í færiband og hefur verið brugðist við því. Mæling á hávaða er framkvæmd 2x á sólarhring af starfsmönnum fyrirtækisins. Þá skal gera mælingar á setmyndun í haust.

Frávik frá

Grein 4.5

Lýsing á fráviki

Grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi skal skilað fyrir 1. maí ár hvert. Gögnunum var skilað 29. maí sl.

ANNÆÐ

Fínasta efnið (leirefni) er sigtað frá kalkþörungunum og varpað í sjó og er áætlað er næsta varp fari fram í haust. Tilkynna skal um varp í hæfið til Umhverfisstofnunar.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.08.2018


Halla Einarsdóttir